
Náma við Þeistareykjaveg, Norðurþingi Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að ný náma, RHN-1c við Þeistareykjaveg, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Norðurþings skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsvirkjun og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 5. maí 2014.



Skipulagsstofnun

INNGANGUR

Þann 7. mars 2014 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsvirkjun um breytingu á matsskylfri framkvæmd með nýrri námu, RHN-1c við Þeistareykjaveg, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Norðurlands, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Norðurlandi með bréfi dags. 26. mars 2014, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 19. mars 2014 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 20. mars 2014.

FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Landsvirkjun kynnir breytingu á áður samþykktri framkvæmd vegna framkvæmda við Þeistareykjavirkjun í Norðurlandi. Fyrirhuguð er að opna nýja burðarlagnámu vegna lagningar Þeistareykjavegar. Fyrirhuguð er að taka allt að 34.000m³ af efni úr námu RHN-1c sem er allt að 14.000 m² að stærð. Náman, sem er útvíkkun á skeringu, er við stöð 6.450 á Þeistareykjavegi sem verið er að leggja.

Fram kemur að í mati á umhverfisáhrifum Þeistareykjavirkjunar hafi verið kynnt efnistökusvæði vegna lagningar vegar og háspennulínu frá Þeistareykjavirkjun.

Fram kemur að við lagningu Þeistareykjavirkjunar hafi komið í ljós mögulegt nýtt efnistökusvæði, RHN-1c, þegar gerð var skering í holt sem nýi vegurinn liggur um. Um er að ræða efni sem hentar vel í burðarlag vegarins, en upphaflega áformuð náma RHN-10/11 austan Jónsnípu reyndist ekki hafa nægjanlega sterkt efni í burðarlag. Náman er einnig mun betur staðsett en náma við Kvíhóla, sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum vegna virkjunarinnar og því styttri flutningsvegalengdir vegna vegagerðar ef efni er sótt í námu við Kvíhóla.

Framkvæmdin mun afmarkast af efnistöku og efnisvinnslu burðarlags vegna lagningar Þeistareykjavegar. Á námusvæðinu þarf að útbúa athafnasvæði fyrir verktaka til efnisvinnslu. Gert er ráð fyrir að námunni verði lokað að loknum framkvæmdum. Almennt er gert ráð fyrir að takmarka stærð framkvæmdasvæðis eins og unnt er og verður það tilgreint í gögnum sem afhent verða verktaka. Ekki liggur endanlega ljóst fyrir hvenær efnisvinnslan verður en mögulegt er að hún hefjist í byrjun sumars 2014 og ljúki haustið 2014. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að náman ekki höfð opin lengur en nauðsyn krefur. Að framkvæmdum loknum verður landið mótað í samræmi við nánasta umhverfi, landslag og halla, þá verður jarðvegi sem ýtt er ofan af svæðinu jafnað yfir þar sem hann er til staðar.

Áhrif á landslag. Fram kemur að fyrirhuguð náma er fast við Þeistareykjaveg í brekku í Grjóthálsi. Landslaginu hefur þegar verið raskað með lagningu Þeistareykjavegar í gegnum holtið sem náman verður í. Með efnistöku verður holtinu raskað meira. Þar sem námusvæðið verður fast við Þeistareykjaveg verður það áberandi frá veginum á meðan efnistöku stendur. Náman mun þó hafa lítil áhrif á landslagið. Í matskýrslu voru áhrif vegarins á landslagsheildina Höskuldsvatn metin nokkuð neikvæð. Efnistaka úr nýrri námu fast við veginn mun ekki breyta þeirri niðurstöðu.

Áhrif á jarðmyndanir. Fram kemur að efnistökusvæði RHN-1c verður þar sem berggrunnurinn er grágrýti frá ísöld. Þær jarðmyndanir sem verða fyrir áhrifum vegna efnistökkunnar eru algengar og njóta ekki verndar. Svæðið telst ekki sérstakt eða markvert með tilliti til jarðmyndana og auðvelt er að móta námu á þann hátt að vel falli að landi. Telja má að áhrif námunnar á jarðmyndanir verði óveruleg.

Áhrif á gróður. Fram kemur að fyrirhugað námusvæði verður á lítið grónum mel, en umhverfis melinn eru lyngmóar. Gróðurlendið sem efnistakan raskar er algengt og hefur ekki verndargildi.

Áhrif á fugla. Fram kemur að gera megi ráð fyrir að fyrirhuguð efnistaka muni hafa lítil áhrif á fuglalíf þar sem þéttleiki á lítt grónu landi er lítill og svæði sem raskast ekki verulegt að flatarmáli. Áhrif á fugla verða á framkvæmdatíma vegna rasks á búsvæðum og hávaða við efnisvinnslu og umferð vinnuvéla. Áhrifin á fugla á svæðinu verða tímabundin og staðbundin. Reynt verður að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdanna á fuglalíf með því að skerða óraskað land sem minnst.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að náman er ekki í samræmi við Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030. Óskað verður eftir að Norðurland hefji undirbúning að óverulegri breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins, samanber 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga, vegna námunnar.

Fram kemur að markmið þessarar breytingar á áður samþykktri framkvæmd er að fá sterkara burðarlagsefni og stytta flutningsvegalengdir á burðarlagsefni úr námu og þar með draga úr útblæstri, kostnaði og slyshættu.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Norðurlands, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur fram að samkvæmt tilkynningu sé fyrirhugað framkvæmdasvæði skammt undan grannsvæði vatnsbóls Húsavíkur, á fjarsvæði og að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á verndarsvæði. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra telur hins vegar að þarna sé um misskilning að ræða og að að framkvæmdasvæðið sé innan grannsvæðis vatnsbóls Húsavíkur. Með vísan til þessa leggur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra áherslu á þær varúðarráðstafanir sem viðhafðar voru vegna vegaframkvæmda á Reykjaheiði síðastliðið sumar verði áfram í gildi þegar framkvæmdir hefjast að nýju. Þar voru settar fram skýrar kröfur til verktaka varðandi umhverfis- og öryggismál þar sem verktaka var gert að gera grein fyrir viðbrögðum við mengun á vatnsverndarsvæðinu.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á matsskyldri framkvæmd með nýrri námu, RHN-1c við Þeistareykjaveg þar sem fyrirhugað er að taka allt að 34.000 m³ af efni. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að farið verði eftir þeim áformum sem sett eru fram í greinargerð, um frágang svæðis meðan á vinnslu stendur og í verklok til þess að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum efnistökkunnar til frambúðar. Skipulagsstofnun telur að áhrif á gróður verði lítil þar sem um er að ræða lítt gróið svæði sem þegar hefur verið raskað við lagningu Þeistareykjavegar. Skipulagsstofnun telur að áhrif á fuglalíf verði fremur lítil og bundin við framkvæmdatíma.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsvirkjunar við tilkynningu auk umsagna. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að að ný náma, RHN-1c, við Þeistareykjaveg í Norðurlandi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningu hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að efnistakan er háð framkvæmdaleyfi Norðurþings skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Framkvæmdaraðili mun óska eftir því við Norðurþing að gerð verði óveruleg breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsvirkjun og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 5. maí 2014.

Rut Kristinsdóttir



Valur Klemensson

Skipulagsstofnun